

Ár 2018, miðvikudaginn 16. maí er dómþing Áfrýjunardómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2018

Keilusamband Íslands og Keilufélag Reykjavíkur

gegn

Keiludeild Íþróttafélags Reykjavíkur.

Dóminn skipa: Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Karl Gauti Hjaltason. Mættir eru Bragi Már Bragason f.h. Keilusambands Íslands, Stefán Ingi Óskarsson f.h. Keilufélags Reykjavíkur og Gunnar Þór Ásgeirsson f.h. Keiludeildar Íþróttafélags Reykjavíkur.


Áfrýjað er úrskurði Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 3/2018 þar sem felldur var úr gildi úrskurður stjórnar KLÍ, frá 15. febrúar 2018, um að fella úr gildi 14-0 úrslit í leik ÍR-PLS og KFR-Þrasta í Íslandsmóti liða KLÍ í 1. deild. Úrslit leiksins skulu standa óbreytt.

Samkvæmt ákvæði 33.3. í lögum ÍSÍ skal frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstólsins vera ein vika frá því að aðilum máls var fyrst kunnugt um niðurstöðuna. Framangreindur úrskurður Dómstóls ÍSÍ var kveðinn upp og kynntur aðilum 13. mars 2018. Áfrýjun til dómstóls ÍSÍ barst 21. mars 2018. Þá var liðinn sá frestur sem lög ÍSÍ áskilja. Máli þessu er því vísað frá dómi.

Reykjavík 17. maí 2018



Helgi Sigurðsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Karl Gauti Hjaltason